

MAÍ 2021

Vor í Fjarðabyggð

*Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.*

Jónas Hallgrímsson

Hin árlega bið eftir vorinu, hlýndum og farfuglum má líkja við biðinni eftir mjólkurbílnum við brúsapallinn hér forðum. Það er eins með vorið og mjólkurbílinn; vorið kemur, þó hægt virðist ganga og fyrr en varir verður sumarið komið. Því er ekki seinna vænna en hefja vorverkin af krafti!

Hreinsunarvikan verður dagana 21. – 31. maí 2021

Dagana 21. - 31. maí verða starfsmenn þjónustumiðstöðva Fjarðabyggðar á ferðinni og hirða upp garðaúrgang sem íbúar setja við lóðarmörk.

Almennt annað rusl s.s. brotajárn, plastkór eða annað ótengt garðaúrgangi skal **ekki** sett saman við.



FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is



Kæri íbúi, gleðilegt sumar!

Vorið er á næsta leiti – þrátt fyrir að blásið hafi köldu á okkur upp á síðkastið. Við finnum hvernig vorið er smám saman að taka yfir og veturinn sleppir tökum á umhverfinu. Vorinu fylgja alltaf blessuð vorverkin og ánægjulegt hefur verið að sjá hve öflugir íbúar Fjarðabyggðar hafa verið undanfarin ár að taka til hendinni í hverfum bæjarins.

Umhverfismál eru okkur öllum mikilvæg og sú vitundarvakning sem orðið hefur á undanförunum árum er af hinu góða. Nýverið var umhverfis- og loftlagsstefna Fjarðabyggðar til ársins 2040 samþykkt. Stefnan er mikilvægt skref í átt að sjálfbærnu samfélagi enda byggir hún á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem við öll þurfum að hafa til hliðsjónar.

Líkt og áður mun ég leggja mig fram um að sveitarfélagið standi við bakið á íbúum og fyrirtækjum, með það að markmiði að við getum öll verið stolt af umhverfi okkar. Með samstilltu átaki og samvinnu okkar allra í hreinsun og umhirðu, höldum við áfram að ná góðum árangri og sameinumst um að gera okkar fallegu hverfi enn snyrtilegri. Líkt og áður verður lögd áhersla á samvinnu við íbúa og fyrirtæki um úrgangsflokkun og umhirðu umhverfisins. Þá mun sveitarfélagið aðstoða íbúa og fyrirtæki við að fjarlægja bílhrae þeim að kostnaðarlausu og hvet ég okkur öll til sérstaks átaks í að fækka þeim í hverfum okkar.

Mig langar að hvetja alla íbúa sem og fyrirtæki í Fjarðabyggð, að taka þátt í hinni árlegu vorhreinsun sem fer fram dagana 21. – 31. maí. Starfsmenn sveitarfélagsins munu þá daga vera á ferðinni í bæjarkjörnum og hreinsa upp þann garðaúrgang sem settur hefur verið við lóðamörk. Því er um að gera að nota tækifærið og taka til hendinni í garðinum og nánasta umhverfi. Látum nú hendur standa fram úr ermum öll sem eitt og sameinumst um að fegra nánasta umhverfið okkar, samfélaginu okkar öllu til heilla.

Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.



Allir út að plokka!

Fjarðabyggð hvetur alla íbúa til að fara út og hirða upp rusl í hreinsunarvikunni dagana 21. – 31. maí. Það sem safnast saman er hægt fá hirt af starfsmönnum þjónustumiðstöðva. Þátttakendur í „plokk-vikunni“ eru jafnframt hvattir til að taka mynd af því sem safnast saman og senda til okkar á fjardabyggd@fjardabyggd.is merkt „plokk-vefur“ og/eða deila inn á fésbókarsíðunni „Plokk á Íslandi“.

Hvatt er til þess að íbúar noti glæra umhverfissvæna plokk-poka, sem fást m.a. hjá Terra á Reyðarfirði, en auk þess verður hægt að nálgast poka á þjónustumiðstöðvum Fjarðabyggðar.


Til að fá rusl hirt upp er hægt er að hafa samband við þjónustumiðstöðvarnar í síma 470 9000 eða með tölvupósti á fjardabyggd@fjardabyggd.is.

Hundahald

Dýraeftirlit Fjarðabyggðar vill minna á að óheimilt er að hafa hunda lausa innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins. Jafnframt eru hund eigendur minntir á að hirða upp hundaskít eftir sína hunda.

Ítrekuð brot á samþykktum sveitarfélagsins um hundahald geta leitt af sér afturköllun leyfis. Komumst hjá því og njótum þess frekar að vera saman.

Nánari upplýsingar um dýrahald má finna á vef Fjarðabyggðar og á fésbókarsíðu dýraeftirlitsins, „Gæludýr í Fjarðabyggð“.



Sorphirða og endurvinnsla

Sorphirðuna í Fjarðabyggð annast fjögur fyrirtæki út frá fjórum mismunandi verkþáttum. Fyrirtækið Kubbur ehf. sér um að **safna úrgangi** úr tunnum, samkvæmt sorphirðudagatali. Tæming fer fram á þriggja vikna fresti. Hringrás ehf. sér um að aka **lífrænum úrgangi** frá söfnunarstöðvum til Moltu ehf. GS lausnir sjá um **þjónustu við söfnunarstöðvarnar** og Terra ehf. sér um **móttöku og flokkun endurvinnanlegs efnis** úr grænu tunnunni.

- **Græna tunnan:** Pappír s.s. bylgjupappi og fernur, málmhlutir s.s. niðursuðudósir og allt það plast sem fellur til hvort sem það er mjúkt eða hart plast. Munið að fjarlægja matarleifar af umbúðunum.
- **Brúna tunnan:** Allur lífrænn úrgangur heimilisins að undanskildum beinum.
- **Gráa tunnan:** Óflokkanlegur úrgangur s.s. bleyjur og frauðplast.

Til að efla **hringrásarhagkerfið** enn frekar þá taka móttökustöðvarnar í Fjarðabyggð á móti gleri, batteríum og fötum ásamt mörgu öðru sem ekki er hægt að setja í tunnurnar heima við. Þannig er hægt að sjá til þess að nær **ekkert** fari frá heimilinu í urðun.

Nánari upplýsingar um sorphirðu og endurvinnslu má finna á heimasíðu Fjarðabyggðar og þar má nálgast flokkunartöflur og sorphirðudagatal.

Umhverfisátak - Brotajárn og bílhrae

Síðustu árin hefur verið lögð áhersla á að fegra umhverfi opinna svæða í Fjarðabyggð og því hefur verið farið í áttak í að fjarlægja númerslausa bíla/bílhrae af opnum svæðum. Jafnframt hefur Hringrás, í samvinnu við sveitarfélagið, aðstoðað landeigendur við að fjarlægja brotajárn af lóðum og lendum og gekk það verkefni afar vel á síðasta ári.

Þeir sem eru með á lóð sinni númerslausa bíla/bílhrae í óþökk býðst aðstoð sveitarfélagsins við að fá þau fjarlægð.

Nánari upplýsingar veitir Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri, s. 470 9000 eða anna.berg@fjardabyggd.is.





Fræðsluhorníð

Vistgerðir Íslands

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint og flokkað vistgerðir á Íslandi. Skilgreindar hafa verið 64 vistgerðir í 12 meginflokkum.

Ein af þeim sem víða má finna í fjalllendi okkar í Fjarðabyggð er Eyðimelavist sem eru þurrir og fremur grýttir hálandismelar. Þó svo nafnið gefi til kynna að þarna sé um auðn að ræða þá er það ekki alveg svo, en eins og myndin hér að ofan sýnir, þá má finna lambgras í slíkri vistgerð.

Nánari upplýsingar um flokkun vistgerða má finna inn á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands, ni.is.

Umhverfisviðurkenning Fjarðabyggðar 2021

Umhverfisviðurkenning er bæði viðurkenning og hvatning til góðrar umgengni. Óskað er eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar í eftirfarandi flokkum:

- Snyrtilegasta lóð fyrirtækis
- Snyrtilegasta íbúðarlóðin
- Snyrtilegasta lóð í dreifbýli

Tilnefning ásamt mynd skal senda rafrænt til umhverfisstjóra, anna.berg@fjardabyggd.is

Frestur til að tilnefna er til og með 31. júlí nk.





Vökvun í garðinum

Það er mikilvægt að standa rétt að vökvun í garðinum; ekki er gott að vökva gróður oft með litlu magni, betra er að vökva sjaldnar og meira.

Tíð vökvun með litlu magni örvar gróðurinn til að mynda grunnar og viðkvæmari rætur, ef t.d. um grasflöt er að ræða verður grassvörður þess ekki eins þéttur og slitsterkur, ásamt því að mótstaða gegn illgresi veikist. Fyrir grassvörðinn er betra að láta jarðveginn þorna á milli vatnsgjafa, við það sækja rætur dýpra niður eftir vatni, sem lengir þær og styrkir.

Best er að vökva það mikið að vatnið nái um 20 cm. niður í jarðveginn. Tími dags skiptir líka máli og því er gott að vökva á morgnana eða á kvöldin. Þegar vökvað er í mikilli sól, þ.e. um miðjan daginn, verður umtalsverð uppgufun og vökvun þar með ómarkviss.

Blómkál og kartöflugrös

Í Fjarðabyggð er mikill meirihluti íbúa með garða og þar með möguleika á ýmiskonar ræktun á jurtum til ýmist átu eða sem augnayndi – nema hvort tveggja sé. En hvernig á að bera sig að við ræktun, undirbúning, notkun skeljasands o.s.frv.? Alheimsnetið hefur auðveldað allt aðgengi að fræðsluefni og í því sambandi má nefna fb síðu sem fjallar um garðyrkju; „Ræktaðu garðinn þinn – Garðyrkjuráðgjöf“. Á síðunni er að finna bæði fræðsluefni, spjall og auk þess er hægt að spyrja ráða um allt er tengist garðyrkju.

Íbúagátt

Í íbúagáttinni inn á www.fjardabyggd.is er hægt að sjá álagningarseðla fasteignagjalda, gjaldyfirlit gagnvart sveitarfélaginu og þar er hægt að sækja um ýmsa þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Til þess að nálgast þjónustuna þarf að innskrá sig með Íslykli eða Rafrænum skilríkjum.

Jafnframt er í íbúagáttinni hægt að sækja um ýmsa aðra þjónustu umhverfis- og skipulagssviðs s.s. um lóð, land til leigu, byggingarleyfi, stöðuleyfi og leyfi til dýrahalds.

Þetta fyrirkomulag er ekki aðeins bætt þjónusta við íbúa heldur gerir þetta stjórnýsluna umhverfissvænni þar sem notkun á pappír minnkar töluvert.

Kortasjá

Korta- og landupplýsingakerfi er aðgengilegt á heimasíðu Fjarðabyggðar.

Í kortasjánni er hægt að skoða teikningar af byggingum, fá upplýsingar um lagnir s.s. vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu og þar eru upplýsingar um aðalskipulag, deiliskipulag og minjavernd. Í kortasjánni er einnig hægt að skoða loftmyndir og götukort, mæla vegalengdir o.fl. Kortasjáin er tengd Þjóðskrá Íslands og þar er hægt að nálgast opinberar upplýsingar fyrir einstaka hús eða stærri svæði.

Upplýsingar og aðstoð varðandi notkun á kortasjá veitir Krístrún Ragnarsdóttir í síma 470-9000 eða á netfanginu kristrun.ragnarsdottir@fjardabyggd.is

Ábendingarkerfi

Á heimasíðu Fjarðabyggðar er að finna ábendingakerfi sem ætlað er að einfalda samskipti og tryggja góða svörun til íbúa við ábendingum.

Fjarðabyggð telur það vera mikilvægan hluta af starfsemi sinni að ábendingar bæjarbúa komist skýrt og skilmerkilega rétta leið og að vel sé haldið utan um þær. Bæjarbúar eru hvattir til að láta vita um skröltandi brunnlök, skódduð umferðarmerki, lausar hellur, yfirfulla ruslastampa, skemmda bekki, óvirka götulýsingu og hvað annað sem tengist þjónustu Fjarðabyggðar.

FRAMHAFNI | HEFNI | KÖNN | FOLKALÖG | HVA SAGNA | [Vila tengulei](#) | A-A

ÍBÚNAUTA | STJÓRNÝSLA | HAFNI | FJARDABYGGÐ | FERGAÐNAUTA | ÍBÚAGÁTT | [S](#) [Q](#)

FJARDABYGGÐ > ÁBENDING DEILA [f](#) [t](#) [v](#)

ÁBENDING

Fjarðabyggð hefur nú tekið í notkun nýtt ábendingakerfi hér á vefnum sem ætlað er að einfalda samskipti og tryggja góða svörun til íbúa við ábendingum.

Fjarðabyggð telur það vera mikilvægan hluta af starfsemi sinni að ábendingar bæjarbúa komist skýrt og skilmerkilega rétta leið og að vel sé haldið utan um þær. Bæjarbúar eru hvattir til að láta vita um skröltandi brunnlök, skódduð umferðarmerki, lausar hellur, yfirfulla ruslastampa, skemmda bekki, óvirka götulýsingu og hvað annað sem tengist þjónustu Fjarðabyggðar.

Auðvitað er ennþá opið fyrir möttölu ábendinga gegnum tölvupóst til einstakra starfsmanna, [gripingadagakerfi](#) loftvinda, símtöl og með samböllum við starfsmenn. Þær ábendingar munu verða svaraðar í höf nýja ábendingakerfi af starfsmönnum Fjarðabyggðar.

Ábending

Nafni: Netfangi:

Sími: Fyrirtæki:

Bæjarbúari:

Stærri lýsing:

200 stærri eða:

Nánnari lýsing:



Leyfi vegna framkvæmda

Nú þegar vorið er komið og sumarið á næsta leiti, eru margir að hugsa um að fegra umhverfi sitt með ýmsum smábyggingum, pöllum og girðingum.

Við fögnum fegrun í sveitarfélaginu en til að koma í veg fyrir ágreining og að ekki sé ráðist í óleyfilegar framkvæmdir er minnt á að í **mörgum** tilfellum þarf að sækja um leyfi fyrir:

- Garðskúrum
- Pöllum
- Girðingum og skjólveggjum
- Móttökuloftnetum og móttökudiskum

Frekari upplýsingar má nálgast hjá umhverfis- og skipulagssviði í síma 470-9000 eða í netfanginu byggingarfulltrui@fjardabyggd.is.

Upplýsingar um hvaða framkvæmdir eru undanþegnar byggingarleyfi má einnig finna í gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarreglugerð er aðgengileg vefnum www.reglugerd.is.

Stöðuleyfi fyrir gáma

Sækja þarf um stöðuleyfi hjá umhverfis- og skipulagssviði Fjarðabyggðar til að láta gáma og aðra lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð eru til geymslu slíkra lausafjarmuna.

Skipulögð gámasvæði eru á Reyðarfirði, Norðfirði og Fáskrúðsfirði.

Nánari upplýsingar má finna inn á heimasíðu Fjarðabyggðar, hjá byggingarfulltrúa í síma 470-9000 eða á netfangið byggingarfulltrui@fjardabyggd.is.